Visit North Iceland
THE ARCTIC NORTH

Þróun á áfangastaðnum The Arctic North Iceland eða heimskautssvæðinu Norðurlandi

Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna
Sumar 2014

Hrönn Harðardóttir

Verkefni þetta er samstarfsverkefni höfundar, Markaðsstofu Norðurlands og Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Skýrslan er unnin af Hrönn Harðardóttur viðskiptafræðinema við Háskólann á Akureyri sumarið 2014. Leiðbeinandi er Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.

Stuttur útdráttur

Verkefnið er unnið fyrir Markaðsstofu Norðurlands með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og er rannsóknarspurningin: Er Norðurland arctic og að hvaða leyti? Hvernig er hægt að nýta það í markaðssetningu á svæðinu?

Ísland er eitt þeirra landa sem liggja að heimskautsbaug en sker sig að mörgu leyti úr því það er í raun ekki arctic þegar kemur að menningu, sögu og landslagi. Þegar kemur að markaðssetningu á Norðurlandi er hægt að nýta það að svæðið sé aðeins að hluta til arctic. Þar er aðgangur að þjónustu, menningu og afþreyingu en örstutt að fara í kyrrðina í náttúrunni og fá þannig meiri arctic upplifun.

Efnisyfirlit

Stuttur útdráttur ... 3
Efnisyfirlit ... 4
Útdráttur ... 5
Inngangur ... 7
Norðurheimskautið ... 8
Sjálfbær þróun ... 9
Sjálfbær ferðaþjónusta ... 9
Vörumerki og mörkun ... 11
Mörkun áfangastaða ... 12
Ísland ... 13
Heimskautaeyjan Grímsey ... 13
Heimskautsgerði á Raufarhöfn ... 14
The Arctic Bow Tröllaskaga ... 15
Edge of the Arctic ... 15
Dæmi um notkun arctic á Íslandi ... 16
Önnur lönd ... 20
Noregur ... 20
Svíþjóð ... 21
Finnland ... 21
Grænland ... 21
Alaska ... 22
Nýja Sjáland ... 22
Möguleikar í boði á Norðurlandi ... 22
SVÓT greining ... 26
Niðurstöður ... 28
Næstu skref ... 29
Heimildaskrá ... 30
Viðauki I ... 33
Viðauki II ... 37
Viðauki III ... 41

Útdráttur

Verkefnið er unnið fyrir Markaðsstofu Norðurlands með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og er rannsóknarspurningin: Er Norðurland arctic og að hvaða leyti? Hvernig er hægt að nýta það í markaðssetningu á svæðinu?

Norðurheimskautið er sá hluti jarðar sem liggur norðan við heimskautsbaug en baugurinn er ímynduð lína staðsett á breiddargráðunni 66°, 30´ norður. Átta ríki teljast til heimskautslanda, það eru Rússland, Bandaríkin, Kanada, Grænland, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland en þau liggja annað hvort innan heimskautsbaugs eða alveg við hann. Helstu einkenni þessa svæðis er mikill kuldi, löng tímabil á veturna þar sem sólin kemur aldrei upp fyrir sjóndeildarhringinn og samsvarandi tímabil á sumrin þar sem sólin sest aldrei en það kallast miðnætursól. Umhverfið á svæðinu er einstakt og fæstar tegundir dýra og jurta lifa þar vegna kulda og erfiðs veðurfars.

Sjálfbær þróun snýst um það að kynslóðir mæti þörfum sínum án þess að það bitni á möguleikum komandi kynslóða til að gera slíkt hið sama. Sjálfbærni er mikilvæg í ferðaþjónustu þar sem uppfylla þarf bæði þarfir heimamanna og ferðamanna ásamt því að fjölga markaðstækifærum til framtíðar án þess þó að ganga um of á auðlindir.

Vörumerki er nafn eða tákn vöru eða þjónustu og mörkun er það að greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum eða þjónustu samkeppnisaðila þess. Mörkun áfangastaða snýr að því að gera áfangastaðinn eftirsóknarverðan í huga neytenda en það verður sífellt mikilvægara nú á tímum alþjóðavæðingar. Fólk getur búið og unnið nánast hvar sem er og er farið að ferðast meira og því er nauðsynlegt fyrir áfangastaði að markaðssetja sig rétt til þess að vekja áhuga fólks á staðnum.

Á Norðurlandi eru nokkur svæði þar sem arctic tengingin er notuð við kynningu á svæðinu. Eini staðurinn þar sem heimskautsbaugur sker land á Íslandi er í Grímsey en þar er t.d. brú sem tákn fyrir staðinn þar sem baugurinn liggur og hægt er að fá skírteini sem staðfestir að viðkomandi hafi farið yfir heimskautsbaug. Þetta vekur athygli ferðamanna og er vinsæll áfangastaður sérstaklega yfir sumartímann.

Á Raufarhöfn er í byggingu svokallað Heimskautsgerði sem er útilistaverk sem kemur til með að sameina íslenska menningu, bókmenntasögu og sígild vísindi í einstakri náttúru. Hugmyndin á bakvið verkið byggir á Völuspá og mun verkið fanga sólarljósið á þessum

sérstæða stað þar sem sjóndeildarhringurinn er hreinn í 360°. Þó verkið sé enn í byggingu er það nú þegar farið að vekja athygli ferðamanna og því ljóst að það getur orðið mikið aðdráttarafl þegar það er fullklárað.

The Arctic Bow er nafn sem notað er yfir leiðina meðfram Tröllaskaga, frá Varmahlíð í vestri og til Akureyrar í austri.

Edge of the Arctic er notað yfir Norðausturland í þeim tilgangi að samræma markaðssetningu ferðaþjónustunnar á svæðinu og tengja það við það hversu stutt þetta svæði er frá heimskautsbaugnum sjálfum. Á svæðinu er vinna í gangi við að tengja meira við heimskautsbauginn m.a. með því að kortleggja hvenær baugurinn var á landi á þessu svæði en hann færist um 15 sentímetra á ári.

Nokkuð er um að fyrirtæki noti arctic hugtakið í t.d. nöfn á fyrirtækinu, vörum, þjónustu eða viðburðum og er þá helst lögð áhersla á arctic náttúru, norðurljós, miðnætursól og dýralíf. Þetta er mjög sambærilegt því sem hin heimskautslöndin eru að gera nema þau ganga yfirleitt enn lengra í markaðssetningu og hafa byggt upp mikla ferðaþjónustu í kringum hugtakið, t.d. í Rovaniemi í Finnlandi er búið að búa til gríðarstórt heimskautsþorp fyrir ferðamenn.

Niðurstaðan er sú að þó svo að Norðurland liggi að heimskautsbaug ber það ekki einkenni arctic nema að takmörkuðu leyti, norðurljósin og miðnætursólin eru vissulega þættir sem einkenna heimskautssvæðið en þegar kemur að t.d. menningu og lifnaðarháttum heimamanna þá er það ekki mjög arctic. Grímsey og Melrakkasléttan eru þau svæði sem helst geta talist arctic þegar kemur að náttúru, gróðurfari og dýralífi. Þetta geta ferðaþjónustuaðilar á svæðinu þó nýtt sér með því að bjóða fólki að dveljast á svæði þar sem þjónusta og afþreying er í boði en þó örstutt að fara út í náttúruna og kyrrðina.

Inngangur

Verkefni þetta er unnið fyrir Markaðsstofu Norðurlands og snýr að þróun á áfangastaðnum the Arctic North Iceland eða heimskautssvæðinu Norðurlandi. Ferðaþjónustufyrirtæki nota nú í auknum mæli tengingu svæðisins við heimskautsbaug í markaðssetningu á þjónustu sinni og er þessu verkefni ætlað að kanna hvort Norðurland hafi það sem einkennir heimskautssvæði og hvernig hægt er að byggja upp út frá því samræmda ímynd fyrir svæðið í heild sinni. Í verkefninu verður orðið *arctic* notað yfir sameiginlega þætti sem einkenna heimskautssvæði en þeir þættir eru náttúra, dýralíf, gróðurfar og menning.

Rannsóknarspurningin er því: Er Norðurland arctic og að hvaða leyti? Hvernig er hægt að nýta það í markaðssetningu á svæðinu?

Í upphafi verkefnisins er farið yfir það fræðilega hvað norðurheimskautið og norðurheimskautsbaugur er, þá er fjallað fræðilega um hugtakið sjálfbærni og sjálfbærni í ferðaþjónustu, hugtökin vörumerki og mörkun eru útskýrð fræðilega og fjallað um markaðssetningu áfangastaða.

Því næst er farið yfir svæði og fyrirtæki á Íslandi sem nota hugtakið *arctic* í markaðssetningu vara eða þjónustu og hvernig það er gert. Einnig er gerð greining á öðrum löndum sem liggja að heimskautsbaug og hvernig þau hafa markaðssett sig sem heimskautssvæði. Þá er farið yfir möguleg tækifæri sem Norðurland hefur og SVÓT greining gerð á arctic Norðurlandi.

Norðurheimskautið

Norðurheimskautið (*e. the arctic)* kallast sá hluti jarðar sem liggur norðan við norðurheimskautsbaug (*e. The Arctic Circle*) en baugurinn er ímynduð lína staðsett á breiddargráðunni 66°, 30´ norður sem segir til um hvar syðsti hluti norðurskautsins liggur. Innan baugsins er mjög kalt og er stór hluti svæðisins hulið ís (Worldatlas, e.d). Við heimskautsbaug gerist það eina nótt á ári að sólin hverfur ekki niður fyrir sjóndeildarhringinn en það er hin fræga miðnætursól, því lengra sem farið er norður því bjartari verða sumarnæturnar og lengst í norðri gerist það vikum eða jafnvel mánuðum saman að sólin sest ekki og aldrei dimmir og getur þá oft verið hlýtt í veðri. Á sama hátt gerist það á veturna að einn dag á ári kemur sólin ekki upp á heimskautsbaug og lengra í norðri kemur sólin ekki upp í margar vikur eða mánuði og er því þá mikill kuldi og engin dagsbirta. Þetta kallast heimskautanótt.

Átta ríki teljast sem heimskautslönd, oft kallað norðurslóðir, en þau liggja þá annaðhvort innan heimskautsbaugs eða nánast snerta hann, það eru; Rússland, Bandaríkin, Kanada, Grænland, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Ísland. Umhverfið á þessum slóðum er einstakt og er þetta það svæði heimsins þar sem fæstar tegundir jurta og dýra lifa þó svo að fjöldi manna geti búið á tilteknum svæðum. Sumarið er stutt á þessum slóðum og kuldinn veldur því að jurtir ná eingöngu að vaxa stuttan tíma á hverju ári og það getur t.d. tekið áratugi fyrir gróður og tré að vaxa upp í nokkurra tomma hæð. Þetta gerir það að verkum að náttúran er mjög auðsæranleg og viðkvæm, og geta t.d. hjólför eftir eitt ökutæki valdið varanlegum skaða. Ef olía dreifist fyrir slysni í hlýrra loftslagi umbreytist hún í óskaðleg efni á nokkrum mánuðum en í heimskautsloftslagi getur það tekið mörg ár (The Arctic, e.d.).

Sjálfbær þróun

Í svokallaðri Brundtland-skýrslu frá 1987 er sjálfbær þróun skilgreind sem „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.“ Þá er áhersla lögð á að efnahagsleg sjónarmið, og sjónarmið samfélags og náttúru standi öll jafnfætis (Háskóli Íslands, 2014). Hugtakið vísar því til þróunar þar sem horft er til lengri tíma og unnið er að jafnvægi milli allra þátta; efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra. Sjálfbær þróun horfir ekki á hvern þátt fyrir sig heldur leggur áherslu á samþættingu allra þátta við ákvarðanatöku (Sjálfbærni.is, e.d.).

Sjálfbær ferðaþjónusta

Sjálfbær ferðaþjónusta (*e. Sustainable Tourism*) er þróun eða starfsemi í ferðaþjónusta þar sem horft er til langs tíma, virðing er borðin fyrir umhverfinu, og náttúrulegar og menningarlegar auðlindir verndaðar. Hún gengur því út á að uppfylla þarfir bæði ferðamanna og íbúa svæðis en á sama tíma gæta þess að ganga ekki á auðlindir. Ávallt er mikilvægt að horfa til lengri tíma og þekkja takmörk svæðisins.

Áfangastaðir, ekki síst lítil sveitarfélög, hafa oft ekki sama skipulag og þekkingu á greininni eins og stórir ferðaþjónustuaðilar, stefna þeirra getur verið óljós og þau ná oft ekki að bregðast eins fljótt við breytingum. Sjálfbær ferðaþjónusta á að mæta þörfum heimamanna, ferðamanna og náttúrunnar ásamt því að fjölga markaðstækifærum til framtíðar (Jón Björnsson, 2013).

Alþjóða ferðamálasamtökin (*e. The World Tourism Organization, UNWTO*) eru samtök Sameinuðu þjóðanna sem bera ábyrgð á kynningu ábyrgrar, sjálfbærrar og aðgengilegrar ferðaþjónustu um allan heim (The World Tourism Organization UNWTO, e.d.). Þeir skilgreina sjálfbæra ferðaþjónustu sem ferðaþjónustu sem tekur fulla ábyrgð á þeim áhrifum sem hún hefur á efnahagslífið, samfélagið og umhverfið bæði í nútíð og framtíð. Ferðaþjónustan skuli uppfylla þarfir gesta, iðnaðarins, umhverfisins og samfélags heimamanna. Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu krefst upplýstrar þátttöku allra hagsmunaaðila og sterkrar pólitískrar forystu til að tryggja þátttöku og uppbyggingu. Sjálfbær ferðaþjónusta ætti að viðhalda ánægju ferðamanna og tryggja þeim góða upplifun ásamt því að auka þekkingu þeirra á sjálfbærni og stuðla að því að þeir nýti þá þekkingu í verki (Sustainable Development of Tourism, e.d.). UNWTO hefur einnig gefið út Alþjóðlegar siðareglur fyrir ábyrga ferðaþjónustu. Þessar reglur setja ramma um ábyrga og sjálfbæra þróun ferðaþjónustu í heiminum – sjá viðauka II.

Á Íslandi hefur Ferðamálastofa staðið að þróun á gæðakerfi sem unnið er eftir í ferðaþjónustu, kerfið nefnist VAKINN og er markmið þess „að efla gæði og öryggi í ferðaþjónustu á Íslandi með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi. VAKINN er verkfæri þátttakenda til að auka gæði og öryggi“ (Vakinn, e.d.).

Vörumerki og mörkun

Vörumerki (*e. brand)* er nafn sem gefið er ákveðinni vöru eða þjónustu og er tilgangurinn sá að aðgreina hana frá vörum eða þjónustu samkeppnisaðila hennar. Vörumerki getur verið nafn, tákn, lógó, hönnun eða ímynd, eða hvers konar sambland af þessum þáttum, sem hannað er til þess að aðgreina vöruna eða þjónustuna frá samkeppnisaðilum.

Mörkun (*e. branding*) merkir það að greina vörur eða þjónustu eins fyrirtækis frá vörum eða þjónustu annars með aðstoð vörumerkis og hefur það verið þekkt í margar aldir. Í listheiminum byrjaði t.d. mörkun með því að listamaðurinn áritaði verkin. Áhrif vörumerkja í samfélaginu eru mjög mikil, t.d. er það staðreynd að börn, niður í 3 ára aldur, geta þekkt vörumerkjalógó.

Neytendamenning er orðin þannig að neytendur nota vörur ekki eingöngu vegna hagnýtingar heldur hefur neyslan ákveðna merkingu og vörumerki eru þá oft táknræn í byggingu og viðhaldi á ákveðinni ímynd einstaklings. Fólk tjáir sig í gegnum það hvaða vörumerki það velur, t.d. í hvernig fötum það gengur, hvaða fólk það umgengst, staði sem það heimsækir, hvers það neytir, á hvernig tónlist það hlustar og hvað það birtir á samfélagsmiðlum. Þetta er allt hluti af persónulegri mörkun og sýnir hvað mörkun er ríkjandi í samfélaginu og það síast inn í kjarna lífsins.

Styrkur vörumerkis liggur í því hvað býr í huga neytandans. Vörumerkjavitund samanstendur af öllum þeim hugsunum, tilfinningum, ímyndum, reynslu, trú og fleiru sem verður tengt vörumerkinu en því verða vörumerki að búa til sterka, hagstæða og einstaka tengingu milli vörumerkis og neytenda (Kotler, Keller, Brady, Goodman og Hanson, 2009, bls. 425-426).

Mörkun áfangastaða

Áfangastaðir hafa verið að kynna aðdráttarafl sitt og ímynd í gegnum söguna því þeir hafa alltaf þörf fyrir að laða að viðskiptavini, gesti, kaupmenn, fjárfesta og fólk sem getur haft áhrif. Í kjölfar þess að markaðssetning þróaðist frá list til vísinda í kjölfar Seinni heimsstyrjaldarinnar varð markaðssetning áfangastaða að atvinnugrein og hefur hún haldið áfram að vaxa í samræmi við markaðssetningu vara og þjónustu síðan (Anholt, 2010).

Til þess að ná árangri í markaðssetningu landa þurfa vörumerkjastjórnendur að vera sammála um fyrir hvað landið stendur til þess að tryggja samræmi í samskiptum þegar koma á skilaboðum vörumerkisins til skila og áætla til lengri tíma (Kotler o.fl., 2009).

Mörkun áfangastaða hefur orðið meira áberandi sem vinsælt viðfangsefni fræðimanna og sérfræðinga. Þar sem staðir eru sífellt meira að takast á við alþjóðlega samkeppni bæði á innlendum og erlendum markaði hefur notkun ýmissar tækni við mörkun aukist. Markaðssetning áfangastaða er aðallega tilkomin vegna alþjóðavæðingar þar sem markaður fyrir hugmyndir, menningu, orðspor, auk vara, þjónustu og sjóða, er að renna saman í eitt alheimsþorp. Fólk getur einfaldlega búið og unnið nánast hvar sem er, yfirgefið staði þar sem illa gengur eða eru á niðurleið og farið á vaxandi staði þar sem tækifæri bjóðast. Annað sem gerir markaðssetningu áfangastaða nauðsynlega er vaxandi máttur alþjóðlegra fjölmiðla, lægra verð alþjóðlegra ferðalaga og aukinn kaupmáttur neytenda (Hanna og Rowley, 2007).

Ferðaþjónusta er ólík flestum öðrum atvinnugreinum því varan sem verið er að markaðssetja þar er upplifun eða reynsla (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013).

Ísland

Hér verður farið yfir þau svæði á Norðurlandi sem nota *arctic* tenginguna í markaðssetningu og á hvaða hátt það er gert.

Heimskautaeyjan Grímsey

Grímsey er eini staðurinn þar sem heimskautsbaugur sker land á Íslandi en hún liggur um 41 km frá norðurströnd Íslands. Eyjan er 5,3 ferkílómetrar að stærð og 5,5 km að lengd og er mynduð úr blágrýti sem myndar víða fallegt stuðlaberg (a. Grímsey, e.d.). Eyjan hefur aðallega verið markaðssett fyrir heimskautsbauginn en baugurinn sker þvert í gegnum eynna frá vestri til austurs um norðurhluta hennar. Tákn hefur verið reist fyrir bauginn en það er einskonar brú sem hægt er að ganga yfir, þar má einnig finna vegprest sem sýnir vegalengd til helstu borga heimsins (b. Grímsey, e.d.).

Ferja siglir frá Dalvík til Grímseyjar allt árið en siglingin tekur um þrjár klukkustundir hvora leið, einnig er í boði flug til Grímseyjar með Norlandair en flugtími er 30 mínútur. Þeir sem fara í skipulagða pakkaferð með Norlandair fá skírteini til staðfestingar um að þeir hafi farið yfir heimskautsbaug án endurgjalds en aðrir gestir geta keypt slíkt skírteini á staðnum (c. Grímsey, e.d.).

Ýmis afþreying er á boði í Grímsey, eins og skipulagðar gönguferðir, bátsferðir, fuglaskoðun, sjósund, veiði, heimsókn til heimamanna þar sem hægt er að kynnast því hvernig það er að búa á eyjunni, köfun og golf þar sem þú getur slegið boltann yfir heimskautsbaug (d. Grímsey, e.d.).

Heimskautsgerði á Raufarhöfn

Árið 2004 hófst vinna við byggingu Heimskautsgerðis (*e. Arctic Henge)* á Raufarhöfn sem verður að öllu leyti hlaðið úr grjóti úr grjótnámu Raufarhafnarhrepps en verkið mun verða eitt stærsta útilistaverk sem reist hefur verið á Íslandi.

Hugmyndina á Erlingur Thoroddsen, hótelstjóri á Hótel Norðurljósum, en hann fékk listamanninn Hauk Halldórsson til liðs við sig og hafa þeir unnið hugmyndavinnuna á bakvið verkið í nokkur ár. Þeir unnu með hvernig hægt væri að fanga sólarljósið á þessum sérstæða stað þar sem sjóndeildarhringurinn er hreinn í 360°.

Heimskautsgerðið myndar hring, sem er 54 m í þvermál, en fjórar hliðar verða á gerðinu sem vísa í höfuðáttirnar. Allt að tólf metra hár bendisteinn mun standa í miðju gerðinu sem mun sýna eyktamörkin í samspili ljóss og skugga. Á sólstöðum og jafndægrum munu hliðin opnast og hleypa ljósinu í gegn. 72 viksteinar munu standa fyrir utan gerðið, á ætluðum stöðum hinna fornu dverga úr Völuspá en dvergarnir 72 falla vel að árhringnum, þ.e.a.s. vetrardvergar, vordvergar, sumardvergar og haustdvergar. Til þess að mynda dvergahringinn er ætlunin að fá táknræna steina frá mismunandi stöðum í heiminum, þó verða fengnir steinar úr hverjum landsfjórðungi Íslands, eftir hinni fornu skiptingu, til þess að tákna dvergana Suðra, Austra, Norðra og Vestra (Mbl.is, 2004).

Með þessum hætti mun listaverkið sameina íslenska menningu, bókmenntasögu og sígild vísindi í einstakri náttúru (Norðausturland, e.d.).

Gerðið er enn í byggingu en er þrátt fyrir það nú þegar farið að vekja athygli og draga að ferðamenn og er því ljóst að fullgert gæti þetta orðið gríðarlega mikið aðdráttarafl fyrir svæðið. Listamenn á svæðinu eru farnir að nota gerðið í verkum sínum og við gerð minjagripa fyrir svæðið, til dæmis eru komin í sölu póstkort með myndum af gerðinu. Nú er farið að tala um Raufarhöfn sem Heimskautsþorpið *(e. Arctic Circle village)* og það notað í kynningu og markaðssetningu á svæðinu.

The Arctic Bow Tröllaskaga

Nafnið er notað yfir leiðina meðfram Tröllaskaga, frá Varmahlíð í vestri og til Akureyrar í austri. Leiðinni er lýst sem ótrúlegri 184 km leið með miklu útsýni og sögu, þar sem er að finna fallega náttúru, frábæra gistiaðstöðu, ferskan „local“ mat og úrval af afþreyingu (Icelandic Times, e.d.). Verkefninu var ýtt af stað á vegum ferðaþjónustuaðila og búið er að festa niður nafnið en eftir er að þróa mun betur hvernig nýta á nafnið til að kynna svæðið og skapa eftirspurn.

Edge of the Arctic

Notað yfir Norðausturland í þeim tilgangi að samræma markaðssetningu ferðaþjónustu á svæðinu. Ætlunin er að vörumerkið Edge of the Arctic verði notað af ferðaþjónustuaðilum á svæðinu þannig að almenningur tengi við svæðið þegar það sér lógóið.

Vörumerkið er til komið vegna þess að heimskautsbaugur er ekki á landi en stutt frá, þannig að svæðið er alveg á mörkunum við það að vera á heimskautsbaug. Á svæðinu hefur t.d verið vinna í gangi við að tengja meira við það hversu nálægt heimskautsbaugur er m.a. með því að reikna út og kortleggja hvenær baugurinn var á landi á þessu svæði, en hann er alltaf á hreyfingu og færist um u.þ.b. 15 sentímetra á ári.

Dæmi um notkun arctic á Íslandi

Hér eru dæmi um fyrirtæki og viðburði þar sem arctic tengingin er notuð við kynningu.

Arctic Angling Raufarhöfn

http://arcticangling.is/

Fyrirtækið býður upp á veiðiferðir á Melrakkasléttu, t.d. er í boði ferð sem kallast Fiskveiðar í óbyggðum (*e. Fishing in the Wilderness*) og er tekið fram að þeir séu staðsettir eingöngu nokkrum kílómetrum frá heimskautsbaug.

Arctic Sea Tours Dalvík

http://arcticseatours.is/

Fyrirtækið býður upp á arctic hvalaskoðunarferðir, sjóstöng í fersku heimskautslofti og siglingar í miðnætursólinni. Starfsemin byggir á þáttum sem einkenna heimskautasvæði og nýtir fyrirtækið það í markaðssetningu sinni.

Arctic Heli Skiing Dalvík

http://www.arcticheliskiing.com/is

Fyrirtækið notar mikið tengingu við arctic, það kynnir skíðaferðir á Tröllaskaga, í heimskautsfjöllum og að þeir séu staddir rétt fyrir neðan heimskautsbaug þar sem fjöllin rísi beint upp úr hafinu. Á heimasíðunni er talað um að skíða í miðnætursólinni umkringdur Norðurishafinu og að geta skíðað alveg niður að svörtum sandfjörum. Þeir markaðssetja ævintýraferðir og tala um heimskautsveður, norðurljós, miðnætursól og fleira sem einkennir heimskautssvæði.

Arctic hotels Skagafirði

http://www.arctichotels.is/is

Nafnið er samnefnari yfir þrjár gistieiningar sem fyrirtækið rekur á Sauðárkróki. Nafnið er nýtilkomið og er ennþá vinna í gangi í tengslum við það. Á heimasíðunni er talað um miðnætursólina en að öðru leyti er engin sjáanleg tenging við arctic en verkefnið er enn í þróun.

The Arctic Fox Centre/Melrakkasetur Íslands Súðavík

http://www.melrakki.is/

Fræðasetur staðsett á Súðavík helgað íslenska Melrakkanum sem er heimskautsdýr og heitir á ensku Arctic Fox.

Arctic handcraft and design/Handverkshátíðin

Handverkshátíð í Hrafnagili sem haldin hefur verið árlega síðustu 22 ár. Engin arctic tenging nema nafnið á hátíðinni.

The Arctic Open

Golfmót sem haldið er árlega á Akureyri, í kynningu á mótinu kemur fram að það sé á nyrsta golfvelli í heimi þar sem hægt er að stunda golf allan sólarhringinn í miðnætursólinni.

Arctic Adventures

http://www.adventures.is/

Fyrirtækið býður upp á ýmis konar ævintýraferðir sem margar eru arctic tengdar eins og norðurljósaferðir. Í umfjöllun um ferðirnar er yfirleitt ekki lögð áhersla á arctic nema í nöfnunum, eins og í Arctic Rafting og Arctic Surfers.

Arctic Photo

http://www.arcticphoto.is/

Ljósmyndastúdíó þar sem reyndur ljósmyndari fer með hóp eina ferð um Ísland á hverju sumri þar sem ferðast er um og ljósmyndir teknar úti í náttúrunni.

Beyond the Arctic

http://www.airiceland.is/day-tours/iceland/beyond-the-arctic-aey

Ferð sem Flugfélag Íslands býður upp á þar sem flogið er frá Akureyri til Grímseyjar, stoppað þar í tvær klukkustundir og gengið um eyjuna með leiðsögumanni þar sem áhersla er lögð á fuglaskoðun. Í lok ferðar fær ferðamaðurinn skírteini því til staðfestingar að hann hafi farið yfir heimskautsbaug.

Arctic running

http://www.arcticrunning.is/

Fyrirtæki sem býður upp á hlaupaferðir þar sem mikil áhersla er lögð á náttúruna, t.d. er í boði ferð sem heitir Upplifðu heimskautið (*e. Experience the Arctic)* þar sem hlaupið er við jaðar heimskautsins eða um 3 kílómetra sunnan við heimskautsbaug.

The Arctic Run/Norðurheimskautsbaugshlaupið

Viðburður sem haldin er árlega í Grímsey en þetta er eina hlaupið í heiminum þar sem þú getur hlaupið hringinn á eyju og farið yfir heimskautsbaug í leiðinni.

Fjallasýn

http://fjallasyn.is/

Fyrirtæki sem býður upp á ýmis konar skipulagðar ferðir um Norðurland og hefur verið að nota aðeins arctic tengingu í ferðum sínum. Þeir eru m.a. með 8 daga ferð sem heitir *Arctic Nature Experience – Northeast Iceland* þar sem áhersla er lögð á náttúruna og dýralíf eins og fugla, hvali og seli, einnig á þjóðgarð, menningu og sögu. Einnig er í boði tveggja daga fuglaskoðunarferð sem heitir The Arctic Birding Trail.

Active North

http://activenorth.is/

Fyrirtæki sem staðsett er í Ásbyrgi og býður upp á skipulagðar ferðir um svæðið. Þeir nota arctic tenginguna t.d. með því að tala um Norðausturland sem „the Edge of the Arctic“ og bjóða upp á ferðir eins og söguferðir þar sem þú færð innsýn í lífið á the Edge of the Arctic.

Önnur lönd

Hér verður farið yfir önnur lönd sem eru að kynna sig sem heimskautslönd og lauslega farið yfir hvernig þau gera það og hvernig afþreyingu þau bjóða upp á.

Noregur

Í Norður-Noregi hefur verið unnið með arctic við markaðssetningu á svæðinu. Eins og á Íslandi hefur það aðallega verið lögð áhersla á þætti eins og norðurljósin, miðnætursólina, náttúru og dýralíf.

Í Finnmark er þemagarður þar sem fólki gefst kostur á að kynnast lifnaðarháttum frumbyggja svæðisins, Sama, (a. Visit Norway, 2013) en svæðið hefur einnig verið kynnt sem hið eina sanna vetrarland. Þar er lögð áhersla á kyrrðina en einnig möguleika á fjölbreyttri afþreyingu hvort sem er um vetur eða sumar, hér eru nokkur dæmi um þá afþreyingu sem er í boði;

Vetur:

- Snjósleðaferðir
- Hundasleðaferðir
- Heimskautssund
- Heimsókn á hótel í snjóhúsi
- Krabbaveiðiferðir
- Ævintýri með frumbyggjum (Sama ævintýri)
- Norðurljósaferðir
- Matreiðslunámskeið

Sumar:

- Eyjaferðir
- Fuglaskoðun
- Vínsmökkun
- Krabbaveiðiferðir
- Ævintýri með frumbyggjum (Sama ævintýri)
- Siglingar
- Laxveiðar
- Hestaferðir (b. Visit Norway, 2013).

Svíþjóð

Í Norður-Svíþjóð og sænska Lapplandi er áhersla lögð á upplifanir tengdar heimskautssvæðinu eins og norðurljósaferðir, snjósleðaferðir, íshótel, veiðiferðir, ísklifur, hundasleðaferðir, gönguferðir, t.d. á snjóþrúgum og möguleiki á að kynnast menningu frumbyggjanna, Sama (Swedish Lapland, e.d.). Heimskautsbaugsborgirnar Luleå og Kiruna eru aðal útverðir siðmenningar, nútímans og þæginda en örstutt frá óbyggðum (Visit Sweden, e.d.).

Finnland

Rovaniemi er höfuðborg finnska Lapplands og þar er búið að byggja upp mjög vinsælan áfangastað í kringum heimskautsbaug. Rovaniemi er eina borgin sem stendur á heimskautsbaugnum sjálfum og er gríðarlega mikil ferðaþjónusta á staðnum í kringum það (a. Visit Rovaniemi, e.d.). Borgin er kynnt sem heimabær jólasveinsins og er búið að byggja upp mikið ævintýraland á staðnum, þarna er skrifstofa jólasveinsins og snjóleikvöllur ásamt jólasveinagarði með hreindýrum þar sem hægt er að fara í hreindýrasleðaferð. Á svæðinu eru líka söfn þar sem m.a. lifnaðarhættir heimamanna í gegnum árin eru kynntir, dýragarður þar sem heimskautsdýr lifa og arctic snjóhótel með ísveitingastað og bar (b. Visit Rovaniemi, e.d.). Fjölmargar skipulagðar ferðir eru einnig í boði á svæðinu, eins og snjósleðaferðir, rafting, hjólaferðir og gönguferðir í miðnætursólinni (c. Visit Rovaniemi, e.d.).

Grænland

Grænland kynnir sig sem spennandi arctic áfangastað þar sem m.a. er hægt að upplifa hundasleða, norðurljós, hvali, frumbyggja (*e. pioneering people)* og ís og snjó en þessa hluti kynna þeir sem „The big arctic five“ við markaðssetningu á svæðinu (a. Greenland, e.d.).

Það helsta sem boðið er upp á í afþreyingu eru hundasleðaferðir, gönguferðir, fjallgöngur, strandsiglingar, köfun, hvalaskoðun, söfn, veiði, skíðaferðir og snjóðsleðaferðir. Hægt er að fara í jeppaferð og göngu út á ísnum, bátsferðir, skoðunarferðir þar sem ferðamenn fá að kynnast menningu heimamanna og sögu inúíta, einnig eru ferðir skipulagðar í kringum norðurljósin og miðnætursólina (b. Greenland, e.d.).

Alaska

Barrow í Alaska er nyrsta byggð í Bandaríkjunum og ein stærsta eskimóabyggð í Alaska, þar er hægt að fara í ferðir um svæðið þar sem möguleiki er að sjá ísbirni, mynda snjóuglu og læra um menningu heimafólks. Hægt er að versla ýmsa muni og list framleidda af heimafólki og stundum er hægt að sjá heimamenn á hvalaveiðum (Travel Alaska, e.d.).

Fairbanks í Alaska hefur byggt upp mikla ferðaþjónustu í kringum það að vera heimskautssvæði og leggja mikla áherslu á að vernda náttúru og dýralíf. Þaðan er hægt að fara í ýmsar ferðir t.d. raftingferðir, siglingar á kanó, ljósmynda- og fjölskylduferðir. Einnig er hægt að fara í ýmsar ferðir þar sem áhersla er lögð á náttúruna og dýralíf (Arctic Wild, e.d.).

Nýja Sjáland

Hinum megin á hnettinum, við suðurheimskautið, í Christchurch á Nýja Sjálandi er verið að kynna Suðurskautslandið á skemmtilegan hátt en þar er miðstöð sem heitir International Antarctic Centre. Þar er t.d. hægt að fara inn í rými þar sem líkt er eftir aðstæðum á suðurskautinu, þar er kuldi og ís og geta gestir rennt sér á ísnum, farið inn í íshelli og jafnvel lent í snjóstormi. Hægt er að skoða mörgæsir, fara á 4D sýningu og siglingu og á sýningu þar sem gestir fræðast um svæðið og lifnaðarhætti fólks þar (International Antarctic Centre, e.d.).

Möguleikar í boði á Norðurlandi

Ísland hefur verið vinsæll áfangastaður ferðamanna síðustu ár og stafar það að miklu leyti af framandleika landsins og náttúru þess. Staðsetning landsins á jaðri Evrópu og Norður-Ameríku og að það er ekki í alfaraleið gerir það að spennandi áfangastað en það sem landsbyggðin, þ.á.m. Norðurland hefur framyfir höfuðborgarsvæðið er gott aðgengi að víðerninu (*e. wilderness)*

(Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013). Þar sem Norðurland í heild sinni er ekki mjög arctic svæði væri hægt að nýta einmitt það, ferðamenn geta komið til t.d. Akureyrar, Sauðárkróks eða Húsavíkur þar sem öll þjónusta til staðar, afþreying og menning en svo er stutt að fara til að fá arctic upplifun t.d á Melrakkasléttu eða í Grímsey. Það er alltaf stutt í náttúruna og auðnina, hægt að fara í gönguferðir í kyrrðinni og sérstæðu náttúrunni, skoða dýra- og fuglalífið, njóta norðurljósanna og miðnætursólarinnar, fara í berjamó og réttir á haustin og á skíði á veturna.

Í viðauka I er að finna tillögu að tólf daga fjölskylduferð um Norðurland. Þar eru tillögur að afþreyingu sem ættu að henta allri fjölskyldunni en auðvelt er að aðlaga ferðirnar t.d. eftir árstíðum með því að bæta inn eða taka út árstíðatengda afþreyingu. Einnig er hægt að skipta þessu upp í styttri ferðir eða breyta eftir áhugasviði hvers og eins, t.d. væri hægt að bæta inn Drangeyjarferð í Skagafirði en sú ferð hentar kannski ekki öllum, t.d. ekki ungum börnum. Í viðauka II er einnig tillaga að 5 daga fuglaskoðunarferð um Norðurland þar sem ásamt því að skoða helstu fuglaskoðunarsvæðin er komið við á ýmsum áhugaverðum og fallegum stöðum á leiðinni.

Grímsey og Melrakkaslétta eru þau svæði á Norðurlandi sem eru mest arctic þegar kemur að landslagi, gróðurfari og dýralífi. Fuglalífið á Melrakkasléttu er t.d. einstakt þar sem fjölmargir norrænir fuglar koma þar við á vorin á leið sinni á norrænni slóðir, þess vegna er gríðarleg fjölbreytni í fuglalífi á svæðinu á vorin og töluvert um að ferðamenn komi til fuglaskoðunar á sléttuna en það mætti þó nýta betur í kynningu á svæðinu. Langanes er sambærilegt svæði þó fuglalífið þar sé ekki alveg jafn fjölbreytt, það býr yfir þessari auðn og kyrrð sem ferðamenn eru oft að leita eftir og gerir svæðið svo sérstakt.

Þessi landshluti hefur hingað til að einhverju leyti orðið útundan þegar kemur að fjölgun ferðamanna til Íslands, ferðamenn virðast oft ekki fara austar en Húsavík eða Ásbyrgi og þyrfti því að vekja meiri athygli á svæðinu og kostum þess. Þó þyrfti að styrkja innviði á svæðinu ef farið væri út í mikla markaðssetningu á svæðinu, bæta þyrfti t.d. vegi og aðgengi að svæðinu yfir vetrartímann, ásamt því að tryggja lágmarksþjónustu á svæðinu.

Eitt af einkennum þessarra svæða er þessi einstaka kyrrð sem fylgir fámenninu og auðnin sem margir ferðamenn sækjast eftir þegar þeir koma til Íslands. Það er hægt að kynna það betur og kosti þess að vera í kyrrðinni og töfrunum sem fylgja þessu svæði. Þarna, og á öðrum fámennum svæðum, er hægt að vinna meira með kyrrðina, bjóða upp á göngur þar sem virkilega er verið að njóta náttúrunnar í ró og næði. Hægt er að höfða til fólks sem hefur áhuga

á andlegum málum og bjóða þeim upp á t.d. jóga og hugleiðsluferðir úti í náttúrunni, í líkingu við það sem gert er á Klængshóli í Skíðadal (Skíðadalur. e.d.).

Grímsey er vinsæll áfangastaður ferðamanna á sumrin og eftirsóknarvert að fara þangað til að stíga yfir heimskautsbaug en hægt væri að lengja ferðamannatímabilið þar með því að lengja tímann sem ferjan stoppar í eynni á vorin og á haustin. Núna stoppar hún í fjórar klukkustundir yfir hásumarið en eingöngu í eina klukkustund á öðrum tíma og því ekki hentugt fyrir ferðamenn. Þar sem ferðamönnum hefur fjölgað á landinu á vorin og haustin væri tilvalið að nýta það til að lengja ferðatímabilið einnig í Grímsey og þá líka með því að kynna eyjuna betur fyrir Íslendingum og vekja áhuga þeirra.

Það hefur sýnt sig að ferðamenn hafa áhuga á að kynnast heimamönnum og sjá hvernig þeir lifa á sjónum og náttúrunni, t.d. eru margir mjög ánægðir með að geta fylgst með þegar landað er upp úr bátunum í höfninni á Siglufirði. Þetta væri hægt að nýta með því að útbúa örugg og þægileg svæði þar sem hægt er að fylgjast með slíkri vinnu eða hafa gönguferðir um bæinn þar sem farið er yfir söguna, lifnaðarhætti og gestirnir fái að hitta heimamenn og fylgjast með þeim að störfum. Þetta gæti aukið mikið við upplifun ferðamanna og líka verið jákvætt fyrir heimamenn, þeir fá að kynnast ferðamönnum betur og þeirra menningu, þannig geta heimamenn fengið nýja sýn á eigið land í gegnum upplifun ferðamannsins og verða jafnvel jákvæðari fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Á þennan hátt væri líka hægt að sýna hvernig við týnum og nýtum ber á haustin, notum rabbabarann og hvernig jurtir eru nýttar í smyrsli, seyði og snyrtivörur. En með því t.d. að kynna berjatýnslu og stóð- og fjárréttir væri hægt að kynna betur haustin sem góða tíma til að heimsækja Norðurland.

Vinsældir fjallaskíðamennsku hafa verið að aukast og gæti þar verið tækifæri til að fá fleiri ferðamenn í heimsókn yfir vetrartímann. Skíðasvæðin á Norðurlandi eru þekkt en að auki mætti kynna betur fjallaskíðin þar sem fólk gengur upp og rennir sér niður. Einnig væri hægt að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann með því að kynna enn betur íslensku jólin og allar hefðirnar sem þeim fylgja, jólasveinana, matinn og þess háttar. Yfir vetrartímann gæti legið tækifæri í því að bjóða ferðamönnum að leigja vetrarföt en það gæti hentað vel þeim sem koma frá heitari löndum og hafa því ekki not fyrir vetrarföt þegar heim er komið.

Hafa þarf í huga að þó að margir möguleikar séu til þess að fá fleiri ferðamenn á svæðið þá er varasamt að gera það með því að búa til einhverja gerviveröld því það getur komið niður á trúverðugleika svæðisins til lengri tíma. Saga Norðurlands og menning er merkileg og því þarf að halda í það sem er til staðar og gæta þess að það glatist ekki þó verið sé að markaðssetja svæðið í heild. Hugsa þarf um hag íbúa svæðisins því þeirra lífsgæði mega ekki rýrna með

fjölgun ferðamanna, heimamenn mega aldrei verða annars flokks á eftir ferðamönnum því það getur skapar neikvæðni í samfélaginu. Hafa þarf heimamenn með í hugmyndavinnu og aðgerðum því þar geta reynst fjölmörg tækifæri og það skapar meiri ánægju með ferðaþjónustuna í samfélaginu og í kjölfarið fær ferðamaðurinn betri þjónustu og jákvæðari upplifun af svæðinu.

Ávallt skal horfa til lengri tíma, sjálfbærni í ferðaþjónustu er gríðarlega mikilvæg og því þarf að huga vel að umhverfismálum, því þó svo að markmiðið sé að efla ferðaþjónustu á svæðinu núna þá má það ekki vera á kostnað framtíðar landsins. Vaxandi umræða er í samfélaginu um sjálfbærni og mikilvægi þess að ganga ekki um of á auðlindir landsins þó fjöldi ferðamanna í landinu aukist. Því þarf að vinna að því að dreifa ferðamönnum betur um landið til þess að ekki sé farið yfir þolmörk einstakra svæða, þá þarf einnig að tryggja getu Norðurlands til að þola fjölgun ferðamanna til lengri tíma. Þarna kemur til samvinna allra hagsmunaaðila svo verkefnið nái til sem flestra þátta, ekki er nóg að ætla að hrinda af stað öflugri kynningu á fáfarnari svæðum ef innviðir eru ekki nógu sterkir til að þola mikla aukningu eða aðstæður við náttúruperlur ekki til þess fallnar að þola ágang ferðamanna.

Ferðaþjónustan þarf að hafa jákvæð áhrif á alla þætti samfélagsins, ekki síst heimamenn og verða hluti af þeirra daglega lífi og til þess er mikilvægt að bera virðingu fyrir eiginleikum svæðisins. Markmiðið er ekki eingöngu að fjölga ferðamönnum heldur að vinna að því að ferðamenn á svæðinu fái jákvæða upplifun og njóti svæðisins til hins ítrasta.

SVÓT greining

SVÓT greining er heildarmat á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum og er það leið til að fylgjast með innra og ytra markaðsumhverfi (Kotler bls 101).

Framkvæmd var SVÓT greining á Arctic Norðurlandi til þess að taka saman á skilvirkan hátt styrkleika og veikleika í innri gerð samfélagsins og ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi þess.

Styrkleikar

Norðurland er nær heimskautsbaugi og hefur fleiri einkenni heimskautssvæðis en aðrir landshlutar, að Vestfjörðum undanskildum. Mikil náttúrufegurð og ótal náttúruperlur bjóða upp á mikla möguleika í ferðaþjónustu og gera Norðurland að spennandi áfangastað. Mikið fuglalíf er á svæðinu og þá sérstaklega á Melrakkasléttu. Fámenni svæðisins býður upp á einstaka kyrrð og stutt er í svæði þar sem lítil sem engin ljósmengun er og því mjög góð norðurljósaskilyrði. Svæðið er mjög sterkt þegar kemur að vetrarsporti, mjög mikil skíðamenning er á svæðinu, íshokkí og vinsældir fjallaskíða hafa aukist mikið.

Veikleikar

